

## D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 30. maí 2013 í máli nr. S-4/2013:

### Ákærvaldið

*(Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**X**

*(Ásgeir Örn Jóhannsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð föstudaginn 5. apríl, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 3. janúar 2013,

„fyrir nauðgun og önnur kynferðisbrot, gegn stúlkunni [A] með því að hafa haft kynferðismök við stúlkuna, sem þá var 12 og 13 ára gömul, og áreitt hana kynferðislega en ákærði nýtti sér yfirburðastöðu sína gagnvart stúlkunni vegna aldurs-, þroska- og aflsmunar og að því er varðar ákærulið 1, það að hún var ein með honum fjarri öðrum:

1. Með því að hafa 7. júní 2011 á ofangreindu heimili ákærða að [...], reynt að kyssa stúlkuna, káfað á brjóstum og kynfærum hennar utan klæða og stungið fingri í leggöng hennar.
2. Með því að hafa í lok mars 2012 í sumarbústað að [...], stungið fingri í leggöng stúlkunnar í heitum potti og nokkru síðar, í stofu sumarbústaðarins, kysst stúlkuna á munninn, gert sogbletti á háls hennar og reynt að setja fingur sinn í leggöng hennar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og [...] greiðslu sakarkostnaðar.“

Með framhaldsákæru, dagsettri 30. janúar 2013, var einkaréttarkröfu aukið við ákærana, svo sem hér greinir:

„Af hálfu [B], vegna ólögráða dóttur hennar, [A], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða brotaþola kr. 1.500.000 í miskabætur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá því mánuður er liðinn frá því að ákærða var kynnt bótakrafan, sbr. 9. gr. laganna.

Þá er krafist málskostnaðar vegna réttargæslu og aðstoðar við gerð bótakröfu, að mati dómsins, og að viðbættum virðisaukaskatti.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Hann krefst þess að bótakröfu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög framast leyfi og að bótakrafa verði lækkuð. Ákærði andmælti ekki að bótakrafa kæmist að í málinu með útgáfu framhaldsákærunnar.

## **Málavextir**

Hinn 21. maí 2012 tilkynnti félagsmálastjórinn á ... lögreglustjóranum á ... um meint kynferðisbrot gagnvart A. Í greinargerð félagsmálastjóra sagði að hinn 2. maí hefði borist tilkynning til Neyðarlínu um að A hefði verið nauðgað er hún hefði verið í sumarbústað með móður sinni og unnusta móðurinnar. Hefði þetta gerst áður. [...] Hefði hún sagt C, [...], að X, ákærði í máli þessu, hefði „puttað“ sig á ..., er hún hefði verið þar með móður sinni hjá unnusta hennar. Væri X kunningi unnustans. Í framhaldi af þessu hafi móðir stúlkunnar verið boðuð í viðtal og „opnað á málið við hana. Hún ræddi einnig aðeins við dóttur sína og sagði hún henni það sama“, segir í greinargerð barnaverndaryfirvalda.

Í málinu liggur prentaður texti, sagður sendur af A til [...] D á vefsíðunni „facebook“ hinn 29. júní 2011. Er þar lýst samskiptum bréfitara og ákærða. Segir þar [...].“

Í málinu liggur bréf barnahúss, undirritað af F og dagsett 27. mars 2013. Segir þar að A hafi farið í átta viðtöl við F, en A hafi orðið fyrir grófu einelti um margra ára skeið og sé vinfá. Komi afleiðingar þess berlega í ljós í samskiptum við hana. Í niðurstöðum F segir meðal annars: „[...]“

## **Framburður A fyrir dómi**

### *Ákæruliður 1*

A gaf skýrslu fyrir dómi hinn 4. júní 2012. Hún sagðist hafa sent ákærða sms-skeyti um miðnætti, [...]. Eftir svar hans og nokkur skeyti þeirra í millum hefði ákærði spurt A hvort hún vildi hitta sig. Hún hefði „náttúrulega“ samþykkt það og þau farið „á rúntinn“. Eftir nokkurn akstur hefði ákærði stungið upp á að þau færu

heim til hans að horfa á kvikmynd og hefði hún samþykkt það. Þau hefðu verið í sóffa og horft á myndina, en þegar þau hefðu ekki verið komin „í miðja myndina“ hefði ákærði tekið um maga A og svo hönd, „og lét mig liggja svona beint.“ Hefði hún þá legið á bakinu. Næst hefði ákærði reynt að kyssa stúlkuna en hún fært höfuðið undan. Síðan hefði hann reynt að klæða hana úr fötunum. Að sögn stúlkunnar, hefði næst gerst að ákærði „puttaði mig, mér leið bara eins og ég var svona dauð dúkka, bara gat ekki hreyft mig eða neitt og þú veist, ég gat ekki hugsað skýrt og ég gat ekki hreyft mig eða neitt.“ Nánar spurð sagði hún að ákærði hefði klætt hana úr peysunni og snert brjóst hennar, tekið buxur hennar niður á miðja kálfa og stungið fingri í leggöng hennar.

A sagði að fyrir þetta atvik hefði hún verið búin að segja ákærða að hún væri tólf ára gömul.

### *Ákæruliður 2*

A sagði að í heita pottinum við sumarbústaðinn hefðu verið þau ákærði, móðir hennar og E, unnusti móðurinnar. E hefði farið fyrstur upp úr, en móðir A svo. Hefðu þau ákærði þá verið ein eftir. Ákærði hefði komið að henni, haft á orði að sér væri kalt og „síðan puttaði hann mig þarna í heita pottinum og síðan ég gat ekki gert neitt, af því að að, þótt mig langaði það, ég var alltaf að hugsa um bara að ýta honum frá mér, en ég þorði það ekki af því að við vorum í heita potti.“ Hún hefði verið í bikini-fötum en ákærði hefði farið með fingur inn fyrir buxur hennar. Eftir þetta hefði verið farið inn og þar hefði fólk borðað kvöldmat. Eftir matinn hefði A farið að horfa á myndband. Þegar myndin hefði verið hálfnuð eða svo hefði ákærði komið, látið hana sitja í sóffanum, „og síðan reyndi hann áfram að kyssa mig og eitthvað þannig og herna og síðan reyndi hann að putta mig aftur [...] og síðan sagði ég alltaf „hættu“ og eitthvað, og síðan spurði hann mig mörgum sinnum að byrja með sér...“

## **Skýrsla ákærða og framburður vitna við aðalmeðferð fyrir dómi**

### **Ákærði**

#### *Ákæruliður 1*

Ákærði kvaðst þekkja A gegn um E, unnusta B móður hennar, og hafa gert í nokkur ár. Þeir E hefðu þekkt lengi. Samskiptin hefðu þó ekki verið sérstaklega mikil, fyrst og fremst í samkvæmum heima hjá E. Eitthvað hefði hann spjallað við stúlkuna í þeim samkvæmum. Ákærði kvaðst ekkert vita um stöðu stúlkunnar almennt eða félagslega stöðu. Áður en þetta mál hefði komið hefði ákærði ekki vitað hversu gömul stúlkan var, en hafa gert ráð fyrir því að hún væri sextán eða sautján ára eða svo, en hann hefði þó ekki sérstaklega velt því fyrir sér. Hann hefði ekki vitað í hvaða skóla hún gengi.

Ákærði sagði að A hefði sent sér sms-skeyti og upp úr því hefði verið ákveðið að ákærði sækti hana, en stúlkan hefði meðal annars sagt að sér liði illa en drykkja væri þá á heimilinu. Það hefði verið vegna þessarar vanlíðunar sem ákærði hefði ákveðið að sækja hana. Þetta hefði verið um miðnætti. Þau hefðu ekið eitthvað um

en svo farið heim til ákærða í ... og horft þar á kvikmynd, en ákærði hefði þá átt þar heima einn. Ákærði hefði svo keyrt stúlkuna heim, en kvaðst ekki muna hvað klukkan hefði verið þá, hugsanlega hálf þrjú eða þrjú, en ekki meira. Þau hefðu átt létt spjall í bifreiðinni á heimleiðinni.

Ákærði kvaðst fyrst hafa heyrt af ásökunum í sinn garð þegar E og B hefðu borið á sig að hafa verið „eitthvað að þukla á“ A. Hann kvaðst ekki muna hvenær þetta hefði verið, en þó sama sumar að því er ákærði teldi. Kvaðst ákærði telja að þetta hefði verið á heimili E. Hefði ákærða fundist þetta „algjört rugl“ og hefði hann sagt þeim að ekkert slíkt hefði gerst. Einnig hefði E hringt í ákærða og endurtekið slíkar ásakanir en ákærði svarað á sama veg, að þær væru rangar. Ákærði kannaðist hins vegar ekki við að hann hefði svarað þannig að sannleikurinn væri ekki eins alvarlegur og stúlkan segði, og ekki við að hann hefði beðist afsökunar á því er hann hefði gert. Hefði ákærði aldrei gengist við því að nokkuð hefði gerst. Hann kvaðst ekki minnast þess að í þessum samtölum hefði verið minnst á aldur stúlkunnar.

Ákærði sagði að þetta hefði breytt samskiptum sínum við E og B og hefði hann lítið hitt þau síðan, en þó eitthvað. Ætti enda lítið sameiginlegt með þeim eftir að hann hefði hætt að drekka fyrir tveimur mánuðum. Eftir þetta hefði A sent sér nokkur sms-skeyti og meðal annars sagst vera komin með nýtt símanúmer. Þá hefði hún reynt að verða „vinur“ ákærða á vefsíðunni „facebook“, en ákærði hefði ekki svarað þeirri beiðni.

## *Ákæruliður 2*

Ákærði sagðist hafa komið til þeirra E, B og A í sumarbústaðinn og verið einn dag og eina nótt. Þau hefðu hins vegar verið komin áður. Ákærði hefði áður rætt við E í síma og ferðin í sumarbústaðinn verið hugsuð til að hitta E. Vín hefði verið haft um hönd í bústaðnum, fullorðna fólkið hefði drukkið og ákærði hefði séð E gefa A eplabjór.

Ákærði kvaðst á þessum tíma enn hafa talið að stúlkan væri sextán eða sautján ára gömul. Hefði þetta verið í fyrsta skipti sem þau hittust frá því hann hefði verið borinn sökum sumarið áður.

Ákærði sagði að um kvöldmatarleyti hefðu þau öll hefðu farið í heitan pott. E hefðu farið upp úr pottinum og síðar B og þau A. Hefðu þau A verið ein í pottinum í hæsta lagi í „einhverjar sekúndur“.

Ákærði kvaðst hafa sofíð frammi, rétt við svalahurðina en E og B í einu herbergi en A í öðru. Um kvöldið hefðu þau A verið í stofusóffanum, líklega hlið við hlið, og horft á einhverja kvikmynd, E verið eitthvað á sveimi en B farin í háttinn. Kvaðst ákærði telja að E hefði verið á fótum allan tímann og ákærði þannig aldrei verið einn á fótum með A. Eftir myndina hefði fólk farið að sofa, ákærði hefði farið til svefnstaðar síns og kvaðst gera ráð fyrir að A hefði farið í sitt herbergi. Ákærði kvaðst hvorki hafa kysst stúlkuna né gert á hana „sogbletti“. Þá hefði hann ekki reynt að fara með hönd í klof hennar. Ekkert slíkt hefði hann heldur gert í heita pottinum fyrir um daginn.

Ákærði sagði að ástand hefði verið eðlilegt daginn eftir og kvaðst hann ekki hafa tekið eftir neinum „sogblettum“ á hálsi A og ekki minnst neinnar umræðu um slíka bletti. B og E hefðu boðið sér að gista aðra nótt en hann hefði sagst ætla að fara og verið búinn að hafa samband við mann og fá hann til að sækja sig. Ákærði kvaðst muna vel eftir þessu, þó að hann hefði eitthvað drukkið.

Stuttu eftir þetta hefði ákærði heyrt frá E að A hefði borið sakir á ákærða vegna atburða í sumarbústaðnum. Kvaðst ákærði ekki muna hvers eðlis þær ásakanir hefðu verið, en sér hefði fundist „leiðinlegt“ að heyra þetta.

Ákærði kvaðst enga skýringu hafa á þeim ásökunum sem stúlkan bæri hann. Engin leiðindi hefðu verið milli þeirra.

## Vitni

Vitnið B, móðir A, kvaðst hafa þekkt ákærða í gegn um E. Hefði stundum komið um helgar til E. Einu sinni hefði A verið þar á sama tíma en vitnið kvaðst ekki telja að þau hefðu umgengist sérstaklega þá. Ákærði hefði hins vegar spurt um aldur hennar og fengið það svar að hún væri tólf ára.

Það kvöld sem fyrri ákæruliður snýst um hefði verið haldið samkvæmi hjá E. Þar hefðu verið þau E, A og maður er G hét. Vín hefði verið haft um hönd og G orðið svo ölvaður að hann hefði lagst til svefnis í stofunni. Um miðnætti hefði vitnið farið með A inn í rúm og sagt henni að fara að sofa. Að því búnu hefði vitnið sjálf gengið til náða. Um nóttina hefði vitnið vaknað við það að A hefði gengið inn og klukkan þá verið um fjögur. Hefði A gefið þá skýringu á ferðum sínum að hún hefði farið út að ganga þar sem hún hefði ekki getað sofið. Hefði A komið vitninu fyrir sjónir sem „svólítið stressuð“.

Vitnið sagði að um ári eftir þetta, eða að minnsta kosti einhverjum mánuðum síðar, hefði D dóttir þess sagt vitninu og E frá því að þessa nótt hefði A farið í bíltúr með ákærða og svo heim með honum að horfa á kvikmynd. Þar hefði ákærði leitað á hana. Vitnið hefði þá rætt þetta við A sem hefði sagt að ákærði hefði „puttað“ sig.

Eftir þetta hefðu vitnið og E rætt þetta mál við ákærða sem hefði komið til þeirra að beiðni E. Ákærði hefði viðurkennt athæfið, þar á meðal að hafa „puttað“ A, ákærði hefði grátið og beðist innilega fyrirgefningar. Hefði hann heitið því að gera þetta aldrei aftur og þau hefðu trúað honum. Vitnið kvaðst hafa minnt ákærða á aldur A.

Vitnið sagði að þegar þau hefðu verið í sumarbústaðnum á ..., löngu eftir þetta samtal við ákærða, hefði hann hringt í E og spurt hvort hann mætti slást í hópinn. E hefði borið það undir vitnið sem hefði ekki verið hrifið af hugmyndinni, þar sem A væri á staðnum, en þau hefðu þó trúað því að ákærði myndi ekki gera neitt af sér aftur. Hefði ákærði fengið að koma og verið eina nótt.

Vitnið sagði að þau hefðu öll farið í heitan pott við bústaðinn, en þar hefði ekkert gerst. E hefði farið fyrstur upp úr og tekið að matbúa en vitnið, A og ákærði orðið eftir og vitnið verið á milli þeirra. A og ákærði hefðu verið að fíflast í pottinum,

skvetta vatni hvort á annað og slíkt, en ekkert meira hefði gerst. Vitnið var ítrekað spurt hvort ákærði og A hefðu verið ein í pottinum og sagði vitnið svo ekki hafa verið, nema ef það hefði gerst eftir að vitnið hefði verið gengið til náða. Um daginn og kvöldið hefðu þau ekki verið þar ein. Þau hefðu farið upp úr pottinum beint á eftir vitninu.

Eftir þetta hefði fólk borðað kvöldverð og fengið sér í glas. Um miðnætti eða svo hefðu E og vitnið farið að sofa og sagt A að gera hið sama og læsa að sér. Hefði hún þá verið farin inn í herbergi sitt. Vitnið hefði svo vaknað um nóttina þegar E „alveg brjálaður“, hefði rekið A aftur inn í herbergi sitt, en E hefði komið að henni frammi með ákærða, sem hefði verið ber að ofan. Vitnið hefði þá farið fram og sagt A að fara inn í herbergi að sofa. Hefðu A og ákærði þá setið á sóffa hlið við hlið og horft á kvikmynd í tölvu. Að mati vitnisins hefði ákærði verið undir áfengisáhrifum en ekki miklum.

Morguninn eftir hefði vitnið svo fengið „sjökk“ þegar A hefði komið fram, „öll þakin í sogblettum“ á hálsi og niður á bringu. Þau hefðu farið og vakið ákærða og hefði vitnið þá spurt hann hvort hann hefði verið svangur kvöldið áður. Ákærði hefði bara hlegið. Vitnið kvaðst hafa sagt ákærða að ef hann ætlaði að haga sér svona þá yrði hann að fara.

Vitnið kvaðst hafa spurt A eftir þetta hvað hefði gerst og hefði hún sagt að þegar þau hefðu verið að horfa á myndina hefði ákærði allt í einu ráðist á hálsinn á henni og farið að sjúga.

Vitnið sagði að A væri farin að loka sig mikið af og væri komin „algjörlega í tölvuheiminn“.

Vitnið D, systir A sagðist hafa verið með henni [...] sumarið 2011. Einn daginn hefði A sagt vitninu frá því að hún hefði farið í bílferð með ákærða og í framhaldi af henni heim til hans. Þar hefði ákærði meðal annars lagt A á rúm sitt og farið „ofan á hana“. Þau hefðu horft saman á kvikmynd og hefði ákærði „reynt eitthvað“. Að öðru leyti hefði A ekkert sagt vitninu frá atburðum. Vitnið hefði spurt A hvort hún hefði sagt móður þeirra þetta og hefði A játað því. Í ágústmánuði sama árs hefði vitnið hins vegar rætt þetta mál við móður sína sem hefði komið af fjöllum. Þegar vitnið var nánar spurt um þetta samtal þeirra systra sagði það að A hefði sagt sér þetta skriflega í gegn um „facebook“. Þá sagði vitnið, nánar spurt, að A hefði sagt að þegar ákærði hefði ýtt henni í rúmið hefði hann strokið henni á kynfærum og „svo farið þangað inn“, en hún þá sagt honum að hætta.

Vitnið sagði að A hefði einhvern tíma einnig sagt sér af sumarþústaðarferð á ... þar sem hún hefði farið í heitan pott ásamt móður þeirra, E og ákærða. Vitnið kvaðst hins ekki muna til þess að A hefði sagt nokkuð hafa gerst í pottinum. Móðir þeirra hefði kallað hana úr pottinum því hún hefði ekki viljað hafa þau ákærða ein í pottinum. Hefði A ekkert sagt um hvort þau ákærði hefðu verið lengi ein þar. Þá hefði A sagt vitninu að um kvöldið hefði ákærði ráðist á sig og gefið sér „sogblett“. Þegar hún hefði ætlað að ganga til náða hefði ákærði farið á eftir henni inn, því ekki hefði verið hægt að læsa herberginu og þar lagst yfir hana með þeim orðum að hann væri með verjur á sér.

Vitnið sagði að áður en þessi mál hefðu komið upp hefðu þær systur rætt kynferðisbrot og vitnið sagt systur sinni að hún gæti fengið hjálp og stuðning frá vitninu ef eitthvað henti hana í þá veru. Vitnið sagðist enga ástæðu hafa til að efast um frásögn systur sinnar.

Vitnið kvaðst telja systur sína þyngri í lund nú en áður og strítt í skóla. Notaði hún nú netið til að eignast vini, einkum frá framandi löndum.

Vitnið kvaðst telja sig hafa sagt satt og rétt frá í símayfirheyrslu lögreglu. Þá staðfesti vitnið útprentað skjal með tölvuprentuðum skilaboðum, og sagði þetta óbreytt skilaboð A til vitnisins um vefsíðuna „facebook“ hinn 29. júní 2011.

Vitnið H, systir A, sagði að hún hefði sagt sér að hún hefði sagt ákærða aldur sinn, en vitnið kvaðst ekki vita hvenær. Þá hafði vitnið það eftir A að ákærði hefði reynt að snerta hana á lærum og reynt að „putta hana“. Vitnið kvaðst ekki muna hvenær A hefði sagt sér þetta.

Vitnið hafði eftir A að í sumarbústaðarferð hefði hún farið í heitan pott með móður sinni, E og ákærða. Ákærði hefði þar haft á orði að sér væri kalt, farið nær A og reynt að snerta hana. Þá hefði ákærði í þessari ferð gert „þvílíkan sogblettinn á hálsinn á henni.“ Þetta hefði A sagt vitninu tveimur til fjórum vikum eftir sumarbústaðarferðina.

Vitnið hefði séð sogblettinn þegar þau hefðu komið heim. „Hann var mjög stór“, næstum um allan háls. Hefði A þá sagt henni að ákærði hefði gert blettinn.

Fram kom hjá vitninu að það og D systir þess hefðu rætt þessi mál. Þegar það var nánar spurt taldi vitnið að vitneskja sín um hvað gerst hefði á heimili ákærða væri frá systrum sínum báðum komin. Aftur á móti hefði A sagt sér frá atburðum í sumarbústaðnum, en þó hefði D sagt sér eitthvað af þeim. A hefði sagt sér frá því sem gerst hefði í pottinum.

Vitnið sagði að eftir þetta væri A enn lokaðri en áður, sem hefði þó verið slæmt áður vegna mikils eineltis.

Vitnið E sagði þau B vera í „fjarsambandi“ og hafa verið í kynnum frá árinu 2005, en hefðu þekkst mörgum árum áður, áður en B hefði flutt til ... . Kæmu börn B stöku sinnum á heimili vitnisins, oftast A. Vitnið hefði þekkt ákærða frá unglingsárum hans en samskipti þeirra væru ekki sérstaklega mikil, en þeir hefðu meðal annars unnið saman. Hefði ákærði oft komið heim til vitnisins, þar á meðal í eitt skipti þegar bæði B og A hefðu verið þar staddar. Vitnið sagðist halda, en ekki vera viss, um að ákærði hefði spurt um aldur A, en taldi aldur hennar að minnsta kosti hafa borið á góma.

Vitnið sagði svo frá kvöldi fyrra ákæruliðar að það hefði verið á heimili sínu ásamt mæðgunum B og A og manni er G hét. Vín hefði verið haft um hönd. Vitnið hefði

farið til sængur en hitt fólkið vakað áfram. Þegar vitnið hefði vaknað að morgni hefði G verið farinn en þær mæðgur á staðnum. Ekkert óeðlilegt hefði borið til tíðinda og vitnið ekkert vitað um málið fyrr en löngu síðar þegar B hefði komið til sín og sagt að ákærði væri hinn versti maður. Hefði B sagt að A hefði farið af heimilinu þessa nótt og hitt ákærða sem hefði leitað á hana. Vitnið hefði aldrei rætt málið við A.

Vitnið sagðist hafa hringt í ákærða og spurt hvort hann hefði eitthvað verið að „eiga við [A]“, eins og vitnið orðaði það fyrir dómi. Ákærði hefði viðurkennt að eitthvað hefði verið „í gangi“, en ekki farið út í smáatriði. Hefði ákærði sagt að hann bæri þar ekki einn sök, því A hefði „eitthvað ögrað“ honum. Ákærði hefði beðist „innilegrar afsökunar“ og sagst sjá mikið eftir þessu. Hefði ákærði sagt bæði vitninu og síðar B þetta og hefði viljað biðja A afsökunar. Ákærði hefði komið á fund þeirra B og þar beðist afsökunar. Hefði hann verið „mjög sár“ og mikið niðri fyrir, en ekki grátandi.

Vitnið sagði að ákærði hefði sagst hafa strokið brjóst A og kynfæri en aldrei farið inn í þau. Vitnið hefði sérstaklega spurt ákærða hvort hann hefði sett fingur í leggöng A en ákærði neitað því. Ekki hefði verið rætt þeirra í millum hvort ákærði hefði strokið A innan eða utan klæða. Vitnið kvaðst hafa minnst á aldur A við ákærða í samtalinu.

Vitnið sagði að ákærði hefði virst „virkilega miður sín“ og hefði vitnið trúað honum. Eftir þetta hefðu þau B verið í mjög litlum samskiptum við ákærða, hann hefði komið einu sinni á heimilið á þeim tíma.

Vitnið sagði þau hafa farið í sumarbústaðinn á ... og hefði þá ákærði hringt og spurt hvort hann mætti slást í hópinn. Eftir samráð við B hefði vitnið samþykkt það, enda hefði iðrun hans verið treyst. Vitnið var spurt hvernig A hefði verið, eftir að ákærði hefði verið kominn á staðinn, og svaraði það því til að hún hefði virst vera „ákaflega hress“. Um kvöldið hefðu þau ákærði setið saman í sóffa, horft á sjónvarp og deilt kartöfluflogum úr skál. Allt hafði virst vera „í góðu lagi og ekkert vandamál þar á milli, að manni fannst.“

Fyrr um daginn hefðu þau öll farið í heitan pott. Vitnið hefði farið fyrst upp úr og tekið að elda kvöldmat, B síðar, en ákærði og A hefðu verið einhverja stund ein í pottinum, en ekki lengi. Vel hefði sést til þeirra í pottinum innan úr bústaðnum og hefði verið „sterkt og gott útiljós“. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa séð til þeirra hverja stund, enda verið að sinna matseldinni og þá snúið baki í heita pottinn.

Vitnið sagði að þau B hefðu sofið í einu herbergi, A í öðru en ákærði í skoti í stofunni og hefði mátt draga tjald fyrir. Vitnið hefði farið að sofa á undan öðrum og sofið þar til það hefði farið fyrst allra á fætur morguninn eftir. Kvaðst vitnið fyrst ekki muna til þess að hafa farið fram úr um nóttina, en þegar skýrsla þess hjá lögreglu var borin undir það, sagði það rifjast upp fyrir sér að það hefði farið fram um nóttina og hefðu A og ákærði setið og talað saman með kartöflufloguskálina á milli sín, á sóffanum sem ákærða var ætlaður til svefns. Hefði vitnið sagt A að koma sér í háttinn.

Vitnið sagði að fullorðna fólkið hefði allt verið í glasi en A ekki.

Vitnið sagði að þegar A hefði komið fram um morguninn hefði hún öll verið „þakin sogblettum á hálsinn“. Vitnið og B hefðu spurt hvernig á þeim stæði en A gefið lítið út á það. Augljóst hefði hins vegar verið að hún hefði ekki getað gefið sér blettina sjálf. Þegar ákærði hefði farið á fætur hefði B spurt hann hvort hann hefði verið svangur. Ákærði hefði fáu svarað en fljótlega hringt í einhvern féлага sinn og fengið hann til að sækja sig, sem sá hefði gert og ákærði farið með honum. Vitnið sagði að ákærði hefði ekki viðurkennt berum orðum að hafa valdið blettunum, en bæði ákærði og A hefðu farið undan í flæmingi ef á þá hefði verið minnst.

Vitnið kvaðst ekki treysta sér til að svara því hvort A hefði breyst í háttum í tengslum við þessi mál. Væri hún dul og mjög föst í heimi netsins en síður í mannlegum samskiptum utan þess.

Vitnið C sagðist hafa þekkt fjölskyldu A í tæplega sex ár, [...]. Félagsleg staða A hefði almennt verið mjög slæm, sjálfsmynd léleg og stúlkan feimin og óframfærin. Væri henni erfitt að segja nei og þyrfti hún mikla þjálfun í samskiptum.

Vitnið sagði að fyrir um ári [...] og hefði vitnið þá strax tekið eftir áverkum á A, eins og rispum og sogblettum, frá eyra, niður eftir kjálka og niður á háls. Vitnið hefði spurt hvort eitthvað hefði komið fyrir en hún ekkert viljað gefa út á það. Um kvöldið hefði vitnið rætt þetta við hana aftur og hún þá ekki heldur viljað ræða neitt. Þegar A hefði brugðið sér afsíðis hefði H hins vegar sagt vitninu að atburðir hefðu orðið í sumarbústað á ..., en þar hefði vinur fjölskyldunnar „puttað“ A, eins og H hefði orðað það.

Skömmu eftir að A hefði komið fram til þeirra aftur hefði H sagt að hún væri búin að segja vitninu „þetta“. Hefði A þá reiðst en síðar um kvöldið hefði vitnið fengið að heyra nánari sögu frá þeim systur. Hefði það farið fram þannig að H hefði fyrst og fremst séð um frásögnina en A jánkað inn á milli eða leiðrétt ef henni hefði fundist ekki rétt farið með. Að þessari sögn H hefði A farið í sumarbústaðinn ásamt móður sinni, unnusta móðurinnar og einhverjum vinum. Um nóttina, þegar móðirin, unnustinn og einhverjir vinanna hefðu verið farin að sofa en A verið frammi að horfa á sjónvarpið, hefði maður að nafni X komið og gert sér dælt við hana og strokið blíðlega. Hefði þessu lokið með því að hann hefði stungið fingri í leggöng hennar og „puttað hana“, eins og þær hefðu orðað það. Áverkarnir á hálsi hefðu komið til af því að maðurinn hefði sogið hálsinn og rispað með skeggrót sinni.

[...]

Vitnið sagði að í síðari samtölum sínum við A hefði komið fram hjá stúlkunni að annað atvik hefði orðið, heima hjá manni þessum, þar sem hann hefði neytt hana til kynferðislegra athafna, sem stúlkan hefði ekki lýst nákvæmar en svo.

Vitnið kvaðst telja að A væri að lokast meira og meira og væri nú komin inn í eigin heim og tölvunnar. Hefði hún þar átt samskipti við ýmsa menn sem athugun hefði leitt í ljós að væru eldri en þeir segðust vera. Hallaði nú undan fæti.

Vitnið kvaðst hafa staðið þær systur báðar að því að hagræða sannleikanum sér í hag, en það væri einungis í smærri málum daglegs lífs. Vitnið kvaðst telja þær segja satt og rétt frá í alvarlegri málum og sagðist enga ástæðu hafa til að efast um frásögn A í þessu máli. Hefðu þær systur gengið í gegn um sitt af hverju og lært mikilvægi þess að segja satt frá. Væru þær vinfáar en stæðu þétt saman.

Vitnið sagði að líkamlega væri A að verða kynþroska og taka á sig útlit kvenna, en í fari væri hún „frekar barnaleg“. Fyrir ári hefði verið útilokað, jafnvel lítt kunnugum manni, að telja hana vera sextán eða sautján ára gamla.

[...]

Vitnið G kvaðst hafa verið í samkvæmi heima hjá E í júlí 2011. Þar hefðu verið auk þeirra þær B og A. Vín hefði verið haft um hönd. E hefði gengið til náða en þau B spjallað saman þar til hún hefði farið að sofa. Hefði vitnið þá fljótlega sofnað í stofunni. Einhvern tíma eftir miðnættið hefði vitnið vaknað og þá enginn verið frammi. Vitnið hefði ákveðið að fara heim en í stigaganginum hefði vitnið mætt A sem þá hefði verið að koma heim. Hefði vitninu fundist undarlegt að hún væri á ferli úti svo seint. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa orðið vart við að hún færi af heimilinu um kvöldið.

Vitnið kvaðst hafa vitað um aldur A og kvaðst telja útlit hennar samsvara honum. Hefði ekki verið unnt að telja hana vera sextán eða sautján ára.

Vitnið I rannsóknarlögreglumaður sagði að D hefði fyrr um daginn komið til sín. Vitnið hefði farið á „prófil“ á „facebook“-síðu hennar og tekið þaðan og prentað út texta sem stafað hefði frá A 29. júní 2011. Væri textinn óbreyttur.

Vitnið F staðfesti vottorð sitt. [...] Vitnið sagði að í samtölum þeirra hefði A sagt frá atburðum með sama hætti og fyrir dómi, hvorki aukið við né dregið úr.

Vitnið sagði að útlit A og aldur væru í góðu samræmi. Mjög ólíklegt væri að menn teldu hana vera fjórum árum eldri en hún er í raun. Liti hún alls ekki út fyrir að vera eldri en hún er.

Vitnið K, fyrrverandi mágur ákærða, kvaðst hafa náð í ákærða í sumarbústaðinn umrætt sinn, um miðjan dag. Systir vitnisins hefði hringt í það skömmu áður og beðið það um að sækja ákærða. Vitnið hefði ekið þangað og beðið eftir ákærða í bifreiðinni í fimm mínútur eða svo. Ákærði hefði eitthvað spjallað við fólk á pallinum við bústaðinn, karl og konu á aldur við ákærða eftir því sem vitnið myndi, en komið svo í bifreiðina til vitnisins. Ekkert óeðlilegt hefði verið að sjá og ekkert óeðlilegt við fas ákærða. Væri ekkert eftirminnilegt við aksturinn heim.

Vitnið kvaðst telja að ákærði hefði fyrst ætlað að vera lengur í bústaðnum en áætlanir hans breyst.

## Niðurstaða

Ákærði neitar sök að öllu leyti. Samkvæmt meginreglu sakamálaréttarfars verður hann ekki sakfelldur nema sök hans verði talin sönnuð svo að hafið sé yfir skynsamlegan vafa.

A bar vitni fyrir dómi. Er hún trúverðug að mati dómsins. Framburður hennar um atvik sem fyrri ákæruliður tekur til er í meginatriðum í samræmi við frásögn sem hún sendi systur sinni skriflega sumarið 2011. Upptaka af framburði hennar liggur fyrir í málinu og var hluti hennar spilaður við aðalmeðferð málsins.

Ljóst er ákærði kom til fundar við móður A og unnusta hennar og var þar spurður um frásögn stúlkunnar. Ágreiningur er þeirra í millum um viðbrögð hans. Ákærði kveðst hafa neitað öllum ásökunum á fundinum en þau segja bæði að hann hafi gengist við því að hafa haft í frammi kynferðislega háttsemi gagnvart henni.

Telja verður nær útilokað að slíkar umræður fari fram, án þess að aldur stúlkunnar komi til tals. Er ákaflega ósennilegt að ákærða hafi, að minnsta kosti eftir þann fund, ekki verið ljóst hversu gömul stúlkun var. Vitnin C, F og G báru öll fyrir dómi að þau teldu ekki hafa verið unnt að álíta A sextán eða sautján ára gamla á þeim tíma sem um ræðir. [...], þykir þetta veikja töluvert þann framburð ákærða að hann hafi í raun talið stúlkuna orðna sextán ára gamla sumarið 2011. Eins og áður segir kom stúlkun fyrir dóm og var hluti skýrslugjafar hennar sýndur við aðalmeðferð málsins. Eftir það álitur dómurinn fjarstæðukennt að telja stúlkuna sextán eða sautján ára gamla. Þegar á allt þetta er horft þykir framburður ákærða um álit hans á aldri stúlkunnar afar ótrúverðugur.

Vitnið C var mjög trúverðugt að mati dómsins. Þykir engin ástæða vera til að efast um þann framburð C að stúlkun hafi komið til hans með þá áverka á hálsi sem hann lýsti. Er þetta til stuðnings þeim framburði þeirra B og E að hún hafi fengið slíka áverka í sumarbústaðarferðinni. Þykir mega ganga út frá að svo hafi verið, þó svo virðist að vísu sem enginn hafi tekið ljósmynd af áverkunum. Er afar sennilegt að slíkir blettir hefðu komið til tals, ekki síst þegar fyrri samræður fullorðna fólksins um samskipti ákærða og stúlkunnar eru hafðar í huga. Þegar á þetta er horft þykir mjög ótrúverðugur sá framburður ákærða, að hann hafi enga bletti séð á hálsi stúlkunnar og engra umræðna um slíka bletti minnast.

Ljóst er að ákærða var leyft að slást í hópinn með fjölskyldunni í sumarbústaðarferð, þrátt fyrir að hafa, að sögn móður hennar og unnusta móðurinnar, viðurkennt að hafa framið kynferðisbrot gegn stúlkunni. Þau báru fyrir dómi að þau hefðu trúað því að hann hefði innilega iðrast þeirra gjörða, sem þau segja að hann hafi viðurkennt fyrir sér, og að stúlkunni stafaði ekki hætta af honum. Sá framburður þeirra þykir út af fyrir sig ekki ótrúverðugur og þykir sú staðreynd, að ákærði fékk að heimsækja þau í sumarbústaðinn, ekki verða til þess að frásögn þeirra B og E af fundi þeirra ákærða verði vísað á bug. Á hinn bóginn verður við mat á vitnisburði þeirra að hafa í huga tengsl þeirra við stúlkuna.

[...]

Meðal þess sem ákærði er borinn sökum um, er að hafa stungið fingri í leggöng stúlkunnar er þau hafi verið í heitum potti við sumarbústaðinn á ... . Í ljósi framburðar móður stúlkunnar, þess efnis að stúlkan og ákærði hefðu ekki verið ein saman í pottinum, þykir kominn upp sá vafi á sekt hans hvað þetta atriði varðar, að sök hans hafi þar ekki verið sönnuð, þrátt fyrir að framburður A þyki almennt trúverðugur. Verður ákærði sýknaður af þessu atriði.

Ef ljóst þætti að stúlkan hefði borið rangt frá um atriði sem þetta, þá yrði að telja það veikja trúverðugleika hennar almennt í málinu. Ekki þykir svo standa á hér. Má hér hafa í huga að vitnið E ber, eins og A, að ákærði og stúlkan hefðu verið ein í pottinum um stund. Þó framburður B þyki vekja nægan vafa um þetta ákæruatriði til að af því verði sýknað, þykir almennur trúverðugleiki A í málinu ekki hafa breyst við þetta.

Eins og áður segir þykir A trúverðug í vitnisburði sínum. Þykir framburðurinn fá talsverða stoð í þeim blettum sem byggja verður á að verið hafi á hálsi hennar eftir sumarbústaðarferðina, en engin önnur skýring hefur komið fram á blettunum en sú sem hún ber.

Þá þykir ekkert í frásögnum þeirra vitna, sem borið hafa um að hún hafi sagt sögu sína, draga úr trúverðugleika hennar. Er þar ekki síst horft til frásagnar vitnisins C og þess aðdraganda sem C ber að hafi verið að frásögninni. Þegar á hinn bóginn er horft til þess, að ákærði ber að sér hafi aldrei verið sagt hversu gömul stúlkan er, og þá ekki heldur þegar hann var sakaður um kynferðislega háttsemi við hana, og hann hafi talið hana vera sextán og sautján ára gamla, sem vitni sem hafa umgengist hana telja fráleitt, og einnig horft til þess að hann kannaðist alls ekki við að hafa séð á henni þá bletti, sem telja verður ljóst að hafi verið á henni, og að ekki hafi verið minnst á þá bletti við sig í sumarbústaðnum, þykir trúverðugleiki hans í málinu hafa beðið mikinn hnekki. Þegar horft er til þess að ekkert þykir hafa komið fram sem telja verður grafa undan trúverðugleika stúlkunnar í málinu og þess sem óhjákvæmilega þykir draga úr trúverðugleika ákærða, þykir mega leggja framburð hennar til grundvallar, með þeirri undantekningu sem áður var rakin. Þegar horft er til hins trúverðuga framburðar stúlkunnar, og þeirrar stoðar sem framburðurinn fær í þeim blettum sem telja verður ljóst að hún hafi borið eftir sumarbústaðarferðina, hefur lögfull sönnun verið færð að sök ákærða, að öðru leyti en því að hann verður sýknaður af því sem honum er gefið að sök að hafa gert í heita pottinum við sumarbústaðinn. Þau ákæruatriði sem eftir standa eru í ákæru rétt færð til refsheimilda.

Ákærði hefur brotið gegn ungri stúlku og misnotað það traust sem honum var sýnt sem vini fjölskyldunnar, annars vegar þegar stúlkan þáði heimboð hans og hins vegar þegar honum var leyft að slást í hóp fjölskyldunnar í sumarbústaðnum. Þótt ekki sé sannað í málinu að ákærða hafi mátt vera ljóst hversu illa stúlkan stóð fyrir, þá framdi hann gegn ungri stúlku brot sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir hana þegar til lengri tíma er litið. Á hinn bóginn er sakaferill ákærða sá einn að fyrir tæpum áratug var hann dæmdur til 30.000 króna sektar fyrir fíkniefnalagabrot. Hann féllst greiðlega á að bótakrafa kæmist að í málinu þótt farist hefði fyrir að geta hennar í ákæru.

Þegar á allt er horft verður ákærði dæmdur til fangelsis í átján mánuði og er ekki möguleiki að binda refsinguna skilorði.

Í málinu er krafist bóta af hálfu A eins og áður er getið og var ákærða kynnt krafan hinn 9. ágúst 2012. Margviðurkennt er í dómaframkvæmd að brot sem þessi séu til þess fallin að hafa alvarleg áhrif á þolanda, jafnvel um langt skeið. Það hversu illa stúlkán stóð fyrir er líklegt til að gera hér illt verra. Verður ákærði dæmdur til að greiða henni 700.000 krónur ásamt vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Samkvæmt yfirliti ríkissaksóknara nemur sakarkostnaður málsins 244.420 krónum og eru þar innifaldar 106.675 króna þóknun verjanda á rannsóknarstigi og 92.745 króna þóknun réttargæslumanns á rannsóknarstigi. Verður ákærði dæmdur til greiðslu þessa sakarkostnaðar sem og til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Arnar Blöndals Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, 268.825 krónur og þóknun Örnú Bryndísar Baldvins McClure héraðsdómslögmanns, skipaðs réttargæslumanns, 158.255 krónur, en í þóknun beggja er virðisaukaskattur innifalinn. Er þóknun beggja ákveðin með hliðsjón af þeim greiðslum sem þau hafa þegar fengið í málinu. Af hálfu ákærvaldsins fór Kolbrún Benediksdóttir saksóknari með málið. Gætt var ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Héraðsdómararnir Þorsteinn Davíðsson, Erlingur Sigtryggsson og Ólafur Ólafsson dæma málið.

## **D Ó M S O R Ð**

Ákærði, X, sæti fangelsi í átján mánuði.

Ákærði greiði A 700.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. september 2012 til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Arnar Blöndals Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, 268.825 krónur og þóknun Örnú Bryndísar Baldvins McClure héraðsdómslögmanns, skipaðs réttargæslumanns, 158.255 krónur, og 244.420 króna annan sakarkostnað.